



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavíkurborg - Skóla- og frístundasvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 9. júní 2022

2204001SA GB  
Málalykill: 04.10

### **Efni: Umsögn um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, S-92/2022**

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 25. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að breytingu á reglugerð um starfsumhverfi leikskóla, nr. 655/2009.

Breytingin er tilkomin vegna ábendinga sveitarfélags um að kveða þurfi skýrar á um vald sveitarfélags annars vegar og leikskólastjóra hins vegar þegar kemur að lokaákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni.

Er því lögð til breyting á 6. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um fjölda barna. Áfram er tiltekið að ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skuli tekin í samstarfi leikskólastjóra og sveitarstjórnar, eða þeirrar nefndar sveitarfélagsins sem fer með málefni leikskóla, en jafnframt skýrt kveðið á um að ef komi til ágreinings um fjölda barna hverju sinni þá taki sveitarstjórn ákvörðun.

Sambandið styður breytinguna og telur hana vera í samræmi við 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla þar sem skýrt er kveðið á um að sveitarfélög beri ábyrgð á starfsemi leikskóla sem og 5. gr. þar sem segir að leikskólastjóri stjórnari starfi leikskóla í umboði rekstraraðila.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs